

BORGARRÁÐ 15. júní 2023: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um magn hagkvæms húsnæðis á Keldnalandi - MSS23060096

Nú segir framkvæmdastjóri Betri samgangna í viðtali við Morgunblaðið að þeir ætli sér að fá helmingi meira út úr byggingarréttargjaldinu á Keldnalandi en til stóð í upphafi. Það var metið á 15 milljarða í upphafi en nú hyggjast betri samgöngur hámarka arðsemi af lóðasölu þannig að a.m.k. 30 milljarða hagnaður gæti verið af landinu. Það mun leiða til herra íbúðaverðs á svæði sem ætlað var til uppbyggingar hagkvæms húsnæðis sem sárlega er skortur á í borgarlandinu. Í lífskjarasamningunum 2019 var þetta eitt af megináhersluatriðunum. Óskað er eftir upplýsingum um hversu mikið magn af hagkvæmu húsnæði var lofað á keldnasvæðinu í tengslum við lífskjarasamningana svokölluðu.